



SÓKNARÁÆTLUN VESTFJARÐA

Uppbyggingarsjóður Vestfjarða Styrkir 2020

Hér er yfirlit yfir styrkveitingar út Uppbyggingarsjóði Vestfjarða vegna ársins 2020. Umsókna voru 129 talsins en veitt styrkvilyrði 65. Árangurhlutfall var þannig 50%. Heildarupphæð styrkvilyrða var 60.600.000 kr.

Norðanverðir Vestfirðir



Tónlist út í náttúrunni

Örn Elías Guðmundsson

1.600.000 kr.

Tónleikar á óhefðbundnum stöðum út í náttúrunni, í skálum, hellum, víkum og klettum út um allt land, t.d. Skálinni uppí Sauratindum, fjaran í Skálavík, Stofan í Miðvík, Hellinum/Kirkjunni í Hljóðaklettum og Dimmuborgum.

Bara tónlistarmaðurinn sjálfur með kassagítar og nikku.

Umbúðalaus verslun á Ísafirði

Heimabyggð

400.000 kr.

Valdar heimilisvörur, þurrvara, ásamt valinni ferskvöru af svæðinu verður aðgengileg almenningi án umbúða. Byggt verður upp aðlaðandi rými þannig að það sé auðvelt og hvetjandi að kaupa vörur án umbúða.

Eldey Aqua

Exoco

1.000.000 kr.

Hráefnisræktun á þara með jákvæðum náttúrlegum áhrifum.

Vöruþróun, nýsköpun og framtíðarframleiðslu matvæla á Vestfjörðum.

Sumarskóli í vistvænum arkitektúr
Stofnun Rögnvaldar Á Ólafssonar
400.000 kr.

Þátttakendur eru bæði íslenskir og erlendir og valdir fyrirlesarar með sérþekkingu á þessu sviði munu leiða vinnuna. Opnir fyrirlestrar og námskeið fyrir allan almenning. Unnið með eina byggingu hverju sinni, Skíðheimar á Seljalandsdal verður fyrsta viðfangsefni skólans.



Tungumálatöfrar
Vaida Braziunaité
500.000 kr.

Íslenskunámskeið fyrir fjöltyngd börn með listsköpun og leik. Þetta er gert bæði fyrir börn af íslenskum uppruna sem búa í útlöndum og um leið til að styrkja tengsl innflytjenda og flóttamanna í samfélaginu. Þannig er stuðlað að samtali og blöndun á milli þjóðfélagshópa.

Áframræktun á hörpudisk í Ísafjarðardjúpi
Vistum
600.000 kr.

Hörpuskel verður safnað í Ísafjarðardjúpi og hún ræktuð á stöðum þar sem umhverfisaðstæður henta, m.t.t. veðurs og vaxtarskilyrða.

Niðurstöður munu nýtast til að skipuleggja langtímaeldi og stöðugt framboð á ferskum hörpudiski.



Tónlistarhátíðin Miðnætursól

Selvadore Raehni
500.000 kr.

Tónlistarhátíð í Bolungarvík.

Áhersla á klassíska tónlist en einnig verða í boði námskeið og tónleikar í popptónlist.



Alþjóðlegar gestavinnustofur ArtsIceland og Gallerí Úthverfa

Kol og salt

500.000 kr.

Lifandi vettvangur listsköpunar og miðlunar á listasviðinu í háum gæðaflokki.

Gestavinnustofur ArtsIceland eru í rekstri árum um kring og um 40 listamenn dvelja þar í skemmri eða lengri tíma. Sýningar í Gallerí Úthverfu eru 8-12 á ári og galleríð er opið allt árið um kring.

Rekstur Edinborgarhússins

3.000.000 kr. til tveggja ára

Edinborgarhúsið er stærsta menningarhús Vestfjarða. Menningarmiðstöðin stendur fyrir fjölbreyttum viðburðum árið um kring. Í húsinu er Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar með fast aðsetur og stendur fyrir fjölmörgum listviðburðum á ári hverju. Auk þess eru haldnir fjölbreyttir menningarviðburðir í húsinu að frumkvæði utanaðkomandi aðila.



Menningarviðburðir í Edinborgarhúsinu

2.000.000 kr.

Metnaðarfull og vönduð dagskrá allt árið 2020 með fjölbreyttu úrvali bókmenntaviðburða, tónleika, myndlistasýninga, leik- og danssýninga og hverskonar menningarviðburða fyrir allra aldurshópa.



Djúpið frumkvöðlaskjól

Gunnar Ólafsson

1.600.000 kr.

Hefur það eina markmið að skapa störf með stuðningi við margvísleg verkefni, fagnetverk er tengist verkefninu og aðstöðu gegn lágmörkuðum greiðslum til að vinna sig frá hugmynd að sköpun.

Gísla saga víkingaviðburðir
og námskeið

Marsibil G Kristjánsdóttir

400.000 kr.

Fjölbreyttir viðburðir í Dýrafirði fyrir alla aldurshópa; eldsmíðanámskeið, víkingaskóli barnanna, Gíslasögugöngur, sögulegir fyrirlestrar o.fl.



Tónleikadagskrá Vagnsins á Flateyri

600.000 kr.

Vagninn á Flateyri verði að föstum viðkomustað tónlistarmanna, líflegur staður þar sem gestir geta gengið að því vísu að detta inná skemmtilegt kvöld og hlustað á ljúfa tóna.

Fræ til framtíðar

Gunnar Ólafsson

400.000 kr.

Þróun gagnvirkar veggáttar samhliða kennsluverkefninu Fræ til framtíðar.

Notkun vatnsræktar-gróðurkerfis (hydroponic) sem kennslugagns.





Act Alone

2.000.000 kr.

Einleikjahátíð á Suðureyri.

Á engan sinn líka, hvorki á Vestfjörðum né á Íslandi,

jafnvel í heiminum öllum.

Haldin í 17. sinn

6. - 8. ágúst 2020.

Aðgangur ókeypis.

Vésteinn siglir

Ketill Berg Magnússon

1.600.000 kr.

Siglingar um Dýrafjörð með ferðamenn á víkingaskipinu Vésteini. Ungt fólk af Vestfjörðum þjálfað í siglingum.



Netskráning.is

Birgir Þór Halldórsson

200.000 kr.


Skráningarkerfi fyrir keppendur á íþróttaviðburðum á Íslandi. Markmiðið er að skilja meira eftir í vasa mótshaldara og einfalda ferlið fyrir alla aðila.

Dísa ljósálfur

Íþróttafélagið Höfrungur

400.000 kr.

Nýr íslenskur söngleikur sem byggir á einni vinsælustu barnabók síðustu áratuga. Að vanda eru það heimamenn sem koma að sýningunni og nú einnig höfundur söngleiksins og söngtextanna en höfundur tónlistar er búsettur á Ísafirði. Þátttakendur eru alveg frá leikskólaaldri yfir í heldri borgara.





Listasafn og kirkja Samúels

1.250.000 kr.

Markmiðið er að þurrka listasafnshúsið að innan og gera það rakahelt og einangra það að innanverðu, halda hita inni allt árið svo hægt verði að nýta húsið undir sýningar fyrir gesti, sem fer ört fjölgandi.

Kómedíuleikhúsið

1.250.000 kr.

Atvinnuleikhús sem sérhæfir sig í vestfirskri sögu og sagnaarfi. Færir á svið minnst eina nýja vestfirska sýningu á ári.



Nýjar vörur frá Kalksalti

Sæbjörg Freyja Gísladóttir

500.000 kr.

Nýsköpunarfyrirtæki sem nýtir umframsalt frá fiskvinnslum og er eina íslenska fyrirtækið sem framleiðir bætiefnafötur fyrir búfénað.

Vöruhönnun á steypumótum fyrir kalksaltsteina, hönnun útlits á nýjar og eldri vörur Kalksalts og markaðssetning á hvoru tveggja.

Media for the Tank
Wouter Van Hoeymissen

500.000 kr.

Tankurinn er umhverfislistaverk á Þingeyri sem stefnt er á að verði tilbúið í september.

Listaverkið er stórt í sniðum og verður áberandi í umhverfinu. Því er ætlað að laða að ferðamenn sem leggja leið sína um Vestfirði.



Fersklús: Aflúsun með ferskvatni

Náttúrustofa Vestfjarða

1.000.000 kr.

Aðferð til að losa laxalús af sýktum laxi án þess að valda honum verulegu stressi.

Uppsetning og viðburðir í
Leiklistarmiðstöð

Kómedíuleikhúsið

500.000 kr.

Ný leiksýning, lðunn og eplin, námskeið í grímugerð og framsögn. Leikhúsping Vestfjarða til eflingar leiklist á öllum Vestfjörðum. Þingið er öllum opið og án endurgjalds.



Hversdagssafnið

1.250.000 kr.

Óhefðbundið safn sem miðlar menningu hins daglega lífs í gegnum frásagnalist, sjón- og hljóðræna miðla.

Á safninu eru nú þrjár gagnvirkar kjarnasýningar auk opins sýningarýmis fyrir gestasýningar og 20 mínútna löng kvikmyndadagskrá. Safnið stendur einnig fyrir vinnusmiðjum í skapandi skrifum og samstarfsverkefnum.



Birdspot v2

Náttúrustofa Vestfjarða

500.000 kr.

App til fuglaskoðunar.

Nýting stafrænnar tækni til að bæta upplifun íbúa og ferðamanna af náttúru á Vestfjörðum.

Tónleikaröð

Tónlistarfélag Ísafjarðar

200.000 kr.

Tónleikaröð Tónlistarfélags Ísafjarðar er hjarta starfsemi félagsins og er jafnan lagður mikill metnaður í þá tónleika sem í henni eru haldnir.



Dellusafnið

1.000.000 kr.

Uppsetning Dellusafnsins í nýju húsnæði á Ísafirði.



210 ára afmælistónleikar F. Chopin

200.000 kr.

Á tónleikunum verða flutt fallægustu verk eftir Chopin en einnig önnur tónskáld en flytjendur munu kynna verkin sjálfir og leyfa þannig áheyrendum að kynnast lífi F. Chopin.

Melrakkasetur Íslands

2.000.000 kr. til þriggja ára

Efning menntunar starfsmanna.

Fjölgun rannsóknarverkefna og styrking fagímyndar fyrirtækisins sem rannsóknarseturs.

Vinna er hafin við að bæta sýninguna fyrir 10 ára afmæli setursins 2020.



Aldrei fór ég suður

2.000.000 kr.

Ísfrisk tónlistarhátíð fyrir alla fjölskylduna, þar sem fremsta tónlistarfólk landsins kemur fram í bland við heimafólk og reynsluminna listafólk. Aðgangseyrir er enginn á hátíðina, hefur aldrei verið og má segja að vestfirskt samfélag allt bjóði landsmönnum heim til veislunnar á ári hverju.

Haldin á Ísafirði 10. og 11. apríl 2020

Lítill saga úr orgelhúsi

Ísafjarðarkirkja

200.000 kr.

Samvinna organistans

Tuuli Rähni og leikarans Elvars Loga.

Sýningin er ætluð fyrir börn og unglinga í tónlistarskólum, leikskólum og grunnskólum en líka alla fjölskylduna. Í sýningunni er lýst á skemmtilegan hátt hvernig mismunandi orgelpípur hljóma einar og margar saman..



Gamla bókabúðin á Flateyri

Verslunin Bræðurnir Eyjólfsson

400.000 kr.

Í tilefni þess að 100 ár eru síðan verslunin fékk bóksöluleyfi koma 12 rithöfundar og 6 tónlistarmenn fram í kaupmannsíbúðinni. Einn upplestur á mánuði og tónlistaratriði annan hvern mánuð. Verkefnið verður í gangi allt árið og viðburðirnir eru opnir öllum án endurgjalds.



Startup Westfjords '20 Nýsköpunarhraðall
Samfélagsmiðstöðin á Þingeyri

1.600.000 kr.

Verkefnið er nýsköpunarhraðall (innovation accelerator) aðlagð að vestfirskum aðstæðum. Það er markaðssett undir heitinu Startup Westfjords, nýsköpunarhemill (startup decelerator). Það felst í vinnustofum undir handleiðslu sérfræðinga á sviði nýsköpunar og allt að þriggja vikna dvöl hóps nýsköpunarfyrirtækja í samvinnurými

Blábankanum á Þingeyri. Þátttakendur eru bæði frumkvöðlar sem starfa á Vestfjörðum sem og alþjóðlegir. Haldið tvisvar árið 2020 vegna mikils áhuga.

Iceland Comedy Film Festival

GamanGaman

1.000.000 kr.

Gamanmyndahátíð á Flateyri.

Ein stærsta kvikmyndahátíð Íslands og fastur liður í menningarlífi Vestfjarða.

Fræðsla og skemmtun.

Haldin í fimmta sinn

13.-16. ágúst 2020



Grænt og vænt - handverk í heimabyggð

Kristín Þórunn Helgadóttir

400.000 kr.

Verkefninu er ætla að auka við flóru afþreyingar innan ferðaþjónustu á Þingeyri og skapa í það minnsta tvö störf. Gestir fá tækifæri til að sjá og fylgjast með listamanninum þar sem hann vinnur að sinni listsköpun. Verk sem unnin eru alfarið úr annars ónýttum efnivið úr náttúrunni, þangi og rekavið.



Vinnustofa listamannsins er opin allt sumarið frá júní-ágústloka.

Strandir og Reykhólar



Viðburðir og miðlun norðan Djúps

Sögumiðlun

200.000 kr.

Í Steinshúsi og Snjáfjallasetri.

Dagskrá í Snjáfjallasetri í lok júlí þar sem þessi verður minnst að 100 ár eru liðin frá því Sumarliði Brandsson póstur fórst er hann hrapaði niður Vébjarnarnúp. Í kjölfarið fórust menn sem voru að leita hans í snjóflóði.

Haldin verða stutt erindi og jafnframt verður tónlistardagskrá, leikdagskrá og kveðskapur. Í Steinshúsi verður tónlistardagskrá og upplestur.

Hörmungardagar

Fjölmóður - fróðskaparfélag á Ströndum

400.000 kr.

Menningar- og listahátíð með óvenjulegu þema sem vekur athygli á landsvísi yfir háveturinn. Hátíðin er samstarfsverkefni menningarstofnana, lista- og fræðifélaga á Ströndum og í Reykhólasveit og er gert ráð fyrir menningarviðburðum í þremur sveitarfélögum, Kaldrananeshreppi, Strandabyggð og Reykhólasveit.



SÝSLIÐ
VERKSTÖÐ - WORKSPACE

Sýslið – Verkstöð

1.000.000 kr.

Miðstöð skapandi greina á Hólmavík fyrir Strandir og Reykhóla.

Verkstæði sem byggir á hugmyndafræði FabLab, Makerspace og deili- og hringrásarhagkerfi sem nýtist einstaklingum, stofnunum og félögum á fjölbreyttan hátt. Staðið verður fyrir opnum vinnustofum, námskeiðum, kennslu, stafrænum lausnum í framleiðslu, verkstæðisleigu, hönnun og hugmyndasmiðja á vörum og verkefnum.



Sauðfjársetur á Ströndum


2.000.000 kr. til þriggja ára

Safn og menningarstofnun til heimilis í gamla félagsheimilinu Sævangi sunnan við Hólmavík. Líflæg og viðamikil viðburðadagskrá. Þar er fastasýning um sauðkindur og sveitafólk á Ströndum og tímabundnar sérsýningar um margvísleg efni, minjagripabúð og kaffihús.

Strandagaldur

3.000.000 kr.

Menningarstofnun, leiðandi ferðaþjónustuaðili, veitingastaður og stofnun sem vinnur að því að efla samfélagið á Ströndum. Árið 2020 fagnar Galdrasýningin 20 ára afmæli sínu. Lögð verður áhersla á að uppfæra sýningar á Hólmavík og Klúku í Bjarnarfirði svo þær vekji svipuð hughrif og náðust við opnun sýninganna.



Náttúrubarnahátíð og náttúrubarnaskóli

2.000.000 kr.

Uppbygging menntatengdrar ferðaþjónustu sem byggir á náttúrutúlkun og þjóðfræði. Í ár verður áhersla lögð á viðamikla og vandaða Náttúrubarnahátíð.

Svæðisbundna minjagripasmiðjan

Sauðfjársetur á Ströndum

400.000 kr.

Gæðaþróun á úrvali minjagripa sem er á boðstólum á Ströndum og í Reykhólasveit.

Listafólk, handverksmenn, hönnuði, smáframleiðendur, fræðifólk og hugmyndasmiðir leiddir saman að borði til að greina sögulega og menningarlega sérstöðu og þann mannauð í héraði sem hægt er að byggja á.



Uppsetning tveggja leiksýninga

Leikfélag Hólmavíkur

800.000 kr.

Ný leikgerð að Stelli í orlofi verður frumsýnd í byrjun mars í samstarfi við Grunnskólann á Hólmavík.

Í haust verður sett upp annað verk í fullri lengd.

Sjávarböð á Reykhólum - heilsulind

Sjávarsmiðjan

2.000.000 kr. til tveggja ára

Hönnunarferli sjálfbærrar heilsulindar á Reykhólum með beina tengingu við hafið og náttúru Vestfjarða. Einn mikilvægasti þáttur nýs baðstaðar, er hönnun hans, þar sem andrúmsloft, umhverfi og upplifun gesta hvílir að mestu leyti á umgjörð og samspili við náttúruna.



Þróun hentugar safapressu

Þörungaklaustur á Reykhólum

500.000 kr.

Þróun afkastameiri tækjabúnaðar til framleiðslu þörungasafa.

Vestfirska þjóðtrúarfléttan

Rannsóknarsetur HÍ í þjóðfræði

2.000.000 kr.

Langtímaverkefni um undirbyggingu þeirrar ímyndar sem Vestfirðir hafa og tengist dulúð, sagnamennsku, þjóðtrú og þjóðsögnum. Markmiðið er, satt best að segja, að ræna íslenskri þjóðtrú og flytja lögheimili hennar á Vestfirði.



Skúlptúraslóð á Hólmavík

Fjölmóður - Fróðskaparfélag á Ströndum

500.000 kr.

5-6 útilistaverk sem saman mynda skúlptúraslóð í og við Hólmavík. Upphafsréitur slóðarinnar er við Galdrasýningu á Ströndum og þaðan liggur leiðin inn að Kópnesi sem er gamalt kotbýli við Kópnesbraut og síðan eftir göngustíg inn fyrir þorpið, undir Kálfanesborgum. Listaverkin sjálf eru útilistaverk þar sem fléttað er saman list og nýjustu tækni, ljósi og hljóði, þannig að skúlptúrarnir séu að hluta gagnvirkir og fari í gang þegar einhver nálgast þá.



Algae Náttúra

Sjávarsmiðjan Reykhólum

1.000.000 kr.

Innlend og erlend markaðssetning ásamt viðbótarvörupróun til að breikka vöruframboð. Slíkt markaðsefni snýr að uppbyggingu vörumerkis og vörumerkjavitund þess, ásamt kynningu og markaðsetningu á vörum, á stafrænum miðlum sem og öðrum.

ÚTILIST hátíð fyrir alla!

Elín Agla Briem

200.000 kr.

ÚTILIST - hátíð í Árneshreppi þar sem leikmenn, myndlistarfólk, „útilistafólk“, tónlistarfólk, dansarar og rithöfundar bjóða uppá „pop-up“ list og gjörninga í Árneshreppi, gleðja gesti og heimamenn og skapa menningarviðburði fyrir alla í ægifyggu umhverfi.



Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum

1.250.000 kr.

Helguð bátum og hlunnindum Breiðafjarðar. Þar gefst öllum aldurshópum færi á að kynnast æðarfugli, súðbyrðingnum og gömlum bátavélum. Skemmtikvöld, fræðslufundir, nemendaheimsóknir, upplýsingamiðstöð, minjagripaverslun og Bátakaffi.

GilsfjordurArts

Össusetur Íslands

400.000 kr.

GilsfjordurArts snýst um að listamenn sem koma í svokallað „art residency“ á Gilsfjarðarbrekku fái sem besta tengingu við sveitina, umhverfið, fólkið, söfn, listviðburði og annað mannlíf á svæðinu.

The Factory

Hótel Djúpavík

400.000 kr.

Árleg myndlistarsýning í gömlu verksmiðjubýggingunum í Djúpavík. Verk eftir innlenda og alþjóðlega listamenn. Veisla fyrir augu og eyru.



Efling samfélags og vöruþróunar í Kaldrananeshreppi

Gunnar Jóhannsson

1.000.000 kr.

Með verkefninu á að bregðast við breyttri þjónustu á svæðinu með sókn og nýtingu tækfæra sem verða til við lokun verslunar KSH á Drangnesi, með aukinni netverslun og menningartengdri starfsemi.



Hin saklausa skemmtun

Potemkin

200.000 kr.

Málþing að Laugarhóli í Bjarnarfiði með fróðlegum sögnum, upplestri úr nýjum og eldri bókmenntum, heimspekilegum erindum og gamanmálum. Markmiðið „að efla og auka samheldni, félagsskap og menntun“ heima í héraði „og afla mönnum saklausrar skemmtunar“ og dýrmætra samverustunda í anda „lestrarfjelaganna“. Öllum opið.

Ímyndarsköpun með hönnun og viðmóti

Þörungaklaustur

500.000 kr.

Markmið verkefnis er að skapa heildstætt viðmót fyrir klasasamstarf um notkun þörunga, þarfagreiningu 5 smáfyrirtækja í nágrenni Þörungaklausturs, Afmörkun stefnu og ramma utanum helstu starfsemi með þankahríð um kjarna og hismi, Útlitshönnun og fyrir almennt viðmót í kynningu á þjónustu og starfsemi, notkun þessarar hönnunar á vef og umbúðum á söluvöru er ætlað að koma ramma utan um ímyndina og auðvelda kynningu með smekklegri framsetningu.

Sunnanverðir Vestfirðir



Blús milli fjalls og fjöru

1.000.000 kr.

Tveggja daga tónlistarhátíð
á Patreksfirði þar sem
blúsinn er allsráðandi.

Haldinn í 9. sinn

28.-29. ágúst 2020.

Ræktun grænmetis og sumarblóma á Barðaströnd

Sóley J. Einaradóttir

400.000 kr.

Ræktun grænmetis, sumarblóma og fjölæringa í gróðurhúsinu í Moshlíð á Barðaströnd.
Markaðssvæðið verði nærsveitir og til lengri tíma allir Vestfirðir og Snæfellsnes.

Kræklingur sem skyndibiti

Hrafnadalur

500.000 kr.

Markaðssetning á kræklingi með auknum
sýnileika, með áherslu á að bjóða einfaldar
máltíðir á samkeppnishæfu verði.



Aðgengi og merkingar

Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti

200.000 kr.

Þakið verður málað með stórum stöfum MUSEUM
/ CAFE og settar verða límfilmur í glugga á
framhlið safnsins ýmist með upplýsingum um
þjónustu og opnunartíma eða með myndum sem
tengjast safnkostinum.

Skrímslasetrið

3.000.000 kr.

Skrímslasetrið hefur verið rekið á Bíldudal frá 2009 og varð því tíu ára á þessu ári.

Allar götur frá opnun hefur verið stefna að bæta við sýninguna á hverju ári.



Skjaldborg

1.600.000 kr. til þriggja ára

Skjaldborg frumsýnir íslenskar heimildamyndir, skoðar heimildamyndagerð á heimsvísu og skapar umræðu- og þróunarvettvang fyrir verkefni, leikstjóra og áhugafólk á Íslandi. Hátíðin er eini sérhæfði vettvangurinn fyrir íslenskar heimildamyndir hér á landi og má þess vegna segja að Skjaldborgarbíó Patreksfirði sé orðið heimili íslenskra heimildamynda.

Eysteineyri - Fullnýting matvæla

Freyja Magnúsdóttir

200.000 kr.

Við Tálknafjörð er stefnt að því að framleiða og selja góðar afurðir úr hráefni sem nú er vannýtt og þar af leiðandi búa til verðmæti úr því sem annars færi til spillis.



Samfélags-gestavinnustofur

Sköpunarhúsið 72, Patreksfirði

500.000 kr.

Hver gestavinnustofa mun vara í einn mánuð í senn og á sér stað þrisvar sinnum á ári. Tveir til þrír listamenn munu þá búa og starfa út frá ákveðnu þema sem nefnd á vegum Hússins hannar fyrirfram. Þemað verður hannað með það fyrir augum að gott samtal myndist milli menningarheima listafólks og heimafólks.